



Fundargerð stjórnar HSÍ

Miðvikudaginn 2.mars 2022



Tíundi fundur 64 stjórnar HSÍ var haldinn í á skrifstofu HSÍ, miðvikudaginn 2. mars 2022 kl. 12.00.

Mættir voru Arnar Þorkelsson, Guðmundur B. Ólafsson, Guðríður Guðjónsdóttir, Kristín Þórðardóttir Jón Viðar Stefánsson og Reynir Stefánsson. Róbert Geir Gíslason, framkvæmdarstóri HSÍ sat fundinn og ritaði fundargerð.

Forföll: Alfreð Örn Finnsson, Hrafnhildur Ósk Skúladóttir, Inga Lilja Lárusdóttir og Páll Þórólfsson.

Fjarverandi: Engin

Þetta gerðist:

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar
Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.
2. Drög af uppgjöri 2021
AP kynnti drög af uppgjöri fyrir árið 2021. Tæplega 6 milljóna króna tap var af rekstri sambandsins og verður það að teljast mjög góð niðurstaða miðað við aukinn kostnaðar vegna Covid 19 á árinu. AP og RG vinna að ársreikningi sem lagður verður fram ársþingi HSÍ.
3. Skýrsla framkvæmdastjóra og formanns
 - a. Formannafundur HSÍ
RG kynnti umræður sem fram fóru á formannafundi í gær. Miklar umræður voru um deildarskiptingu í meistaraflokki kvenna. Skoða þarf leiðir til að auka möguleika á lánsamningum milli liða. Þá var einnig umræða um leikdaga í bikarkeppni HSÍ
4. Samningamál landsliðsþjálfara
GBO kynnti stöðu viðræðna við Guðmund Guðmundsson. GBO fær umboð stjórnar til ganga til samninga.
5. Ársþing HSÍ
Ársþing HSÍ verður haldið laugardaginn 30. Apríl í Valsheimilinu. 4 stöður eru í kjöri til tveggja ára auk sæti varaformanns til eins árs og varamanna.
6. Önnur mál

Fleira var ekki gert og var fundi slitið.

Róbert Geir Gíslason, fundarritari